

um að þar fer dugmikill nemendaráðsformaður, félagsmálaröð framtíðarinnar. En okkur leikur forvitni á að heyrna „hina“ hljóða á málinu og leitum uppi Þóri Jónsson kennara, sem hefur umsjón með félagslífi unglínganna í Öldutúnskóla. Þórir er þekktur í íslensku íþróttalífi sem einn leiknasti knattspyrnumaður landsins, lék lengi með Val og FH, auk þess sem hann lék nokkra landsleiki, þann fyrsta er hann var aðeins 17 ára. Hann er nú nýkominn heim eftir nokkurra ára dvöl í Svíþjóð og hefur hafið störf við Öldutúnskóla og hjá Æskulýðsráði Hafnarfjarðar.

Hvernig er starfi þínu hjá Æskulýðsráði háttað?

„Ég er svokallaður „tengill“ milli Æskulýðsráðs og skólans. Í því felst umsjón með klubbstarfi á vegum ráðsins í skólanum. Á haustönn voru starfræktir 10 mismunandi klubbar, sem störfuðu í 8 vikur. Annað slíkt námskeið verður núna eftir áramót og þá bætist a.m.k. við einn klúbbur, í útvarpsþáttagerð. Námskeið sem þessi byggjast mjög á hæfum leiðbeinendum, og þar höfum við verið einstaklega heppnir í Öldutúnskóla. Þar að auki höfum við verið vel studd af Æskulýðsráði og skólafyrirvöldum. Félagslífið í skólanum og æskulýðsstarfsemin er unnið samhliða og markvisst. „Karnivalið“ fyrir jólin var gott dæmi um það.“

Nánar um félagslífið í skólanum

„Af skólans hálfu vinn ég með nemendaráði, 16 manna hóp sem kemur saman á 3–4 vikna fresti. 5 manna stjórn ráðsins þingar hins vegar vikulega og þar í hefur valist einvalalið sem mikill kraftur er í.“

Það sem helst er á döfinni það sem eftir lifir vetrar er stór íþróttahátíð sem mikill áhugi er fyrir að halda í samvinnu við íþróttakennara skólans. Rætt hefur verið um að fá þekkta menn úr atvinnu- og/eða þjóðlífinu til að koma og spjalla við nemendur. Að lokum má nefna það að Öldutúnskóli verður 25 ára í vetur og fyrirhugað er að nemendur verði með sérstaka afmælishátíð af því tilefni. Mig langar til að minnst sérstaklega á mikið starf sem nemendur skólans vinna við rekstur sölubúðar, sem þeir koma upp í „hrárrí“ tilvonandi eðlisfræðistofu. Með mikilli vinnu komu krakkarnir upp aðstöðu fyrir sölubúð sem þeir svo skiptast um að sjá um undir umsjón nemendaráðs. Útvarp Öldutúns er einnig athyglisvert fyrirbæri, en nemendurnir mynda 3–4 manna hóp sem sjá um dagskrána, eina viku í senn.

Unglingarnir opnari og skemmtilegri en áður.

„Hvað með unglíngana í dag? eru þeir á einhvern hátt frábrugðnir unglíngum gærdagsins?“

„Já, ég er ekki frá því. Mér finnast unglíngarnir í dag mun frjálsglegri í hegðun, opnari og að mörgu leyti skemmtilegri, en þeir voru almennt fyrir tæpum 20 árum er ég var á þessu skeiði.“

Áhrif félagslífs á námið og skólastarf almennt

„Það er ekki vafi á því, að gott félagslíf stuðlar að því að nemendum líður betur í skólanum, og þar með að betri námsárangri og jákvæðara skólastarfi. Hér við Öldutúnskóla ráða ríkjum einstaklega jákvæðir menn, Haukur Helgason skólastjóri og Rúnar Brynjólfsson yfirkennari, sem hafa skilning á nauðsyn góðs félagslífs fyrir heilbriggt skólastarf.“

Það er óhemju þýðingamikið að skólinn sé lifandi stofnun, að hann kenni nemendum að umgangast hverja aðra, og allir fái tækifæri til að tjá sig í skólanum og njóta sín námslega og félagslega.“

Texti: HÖRÐUR HILMARSSON
Myndir: HÖGNI SIGURÞÓRSSON



Vaka og stjórnsmálin í Háskóla Íslands

Bókmenntir

Guðmundur Magnússon

Vaka 1935–1985. Ágrip af sögu félags lýðræðisinnanna stúdenta.

Páll Björnsson tók saman.

Útgefandi: Vaka, félag lýðræðisinnanna stúdenta.

Reykjavík, janúar 1986.

Vaka, félag lýðræðisinnanna stúdenta við Háskóla Íslands, átti hálfar aldar afmæli á árinu sem leið. Í nóvember 1984 ákvað stjórn félagsins að minnst þessara tíma-móta með því að láta taka saman ágrip af sögu félagsins. Páll Björnsson, nemandi í sagnfræði og heim-speki við háskólann, var fenginn til verksins og liggur afkraksturinn nú fyrir í sérstöku afmælisriti, sem er prýðilega skrifað og ríkulega myndskreytt.

Á þeim 50 árum, sem Vaka hefur starfað í háskólanum, hefur félagið oftast haft forystu í Stúdentaráði. Þetta kann ýmsum að koma á óvart vegna þess að í huga almennings eru foringjar Háskólastúdenta yfirleitt hávaðasamir og heimtufreikir róttæklingar. Ímynd Vöku er líklega öllu þekkilegri. En ástæðan er sú, að árið 1972 náðu róttækir vinstri menn meirihluta í Stúdentaráði og héldu honum allt fram til ársins 1981. Ekki er hægt að segja, að hróður háskólastúdenta hafi aukist á þeim árum, og sennilega

geldur háskólinn þess enn. Á þessum tíma, „vinstri áratugnum“ sem Páll Björnsson nefnir svo, var mikill fyrirgangur í stúdentahreyfingunni og leiðtogar stúdenta voru yfirlýstir uppreisnarmenn gegn þjóðskipulaginu. Bein hagsmunamál stúdenta viku gjarnan fyrir almennu þjóðmálstarfi, ef nota má svo virðulegt orð yfir kröfugöngurnar gegn varnarlíðinu og Atlantshafsbandalaginu og fyrir sósíalískri byltingu og „rauðri verkalyðseiningu“, svo ekki sé minnst á fjárausturinn úr sjóðum stúdenta til hinna og þessara hreyfinga vinstri manna, eða þá útgáfu *Studentablaðsins*: byltingarskrifin þar, hatursáróðurinn gegn Bandaríkjunum, fleðulætin í garð „alþýðulýðveldanna“ í Austur-Evrópu og gaspríð um „erindreka auðstéttarinnar í háskólanum“.

Hverju komu róttæklingarnir til leiðar með háreyntinni? Eiginlega engu, nema menn telji hina stjórnláusu úþpenslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna sérstakt afrek, sem þakka beri hávaðamiklum og vel skipulögðum þrýstihóp róttækra háskólastúdenta. Kannski átti þar átta Stúdentaráðs þar einhvern hlut að máli, en eins má skýra stóraukin umsvif Lánasjóðsins sem „eðlilega“ afleiðingu af gífurlegri fjölgun framhaldsskólanemenda í kjölfar breytinga á skólakerfinu.

Það var hins vegar á stjórnarárum Vökumanna í Stúdentaráði, sem merkustu áföngunum í hagsmunabaráttu stúdenta var náð. Þar má

nefna byggingu Nýja Garðs, stofnun Lánasjóðs stúdenta og síðar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, aðild stúdenta að Háskólaráði, yfirtöku stúdenta á Bóksölu háskólans, opnun kaffistofu, stofnun ferðabjónustu og sumarhótel. Þá höfðu Vökumenn forystu um að koma Félagsstofnun stúdenta á fót í því skyni að reka þjónustufyrirtækin og Garðana og síðan að byggja félagsheimilið við Hringbraut og Hljónagarða. Vökumenn hafa alla tíð lagt á það áherslu að þessi félagslegi rekstur væri sem hagkvæmastur, en í tíð vinstri manna varð Félagsstofnun nærri gjaldþrota vegna ábyrgðarlausrar fjármálastjórnar.

Í lögum Vöku, sem sett voru á stofnfundinum 1935, segir, að tilgangur félagsins sé „að efla og auka viðsýni og frjálshyðni í stjórnmálaskoðunum meðal háskólastúdenta og starfa að hagsmunamálum þeirra“. Þessu markmiði vill félagið ná með eftirfarandi hætti: I. Að vinna að eflingu og útbreiðslu lýðræðis og lýðræðishugsjóna. II. Að vinna gegn hvers konar áhrifum af byltingarsinnuðum ofbeldis- og öfgastefnum á sviði félagsmála. III. Að beita sér fyrir kosningu lýðræðisinnanna fulltrúa í Stúdentaráð Háskóla Íslands.

Vökumenn má því nefna borgaralega lýðræðisinnanna og ofangreind sjónarmið þeirra geta rúmast í fleiri en einum stjórnmálaflokki hér á landi. Líklega hafa þó

Fulltrúaráð Vöku starfsárið 1944 til 1945. Á myndinni eru sitjandi (talið frá vinstri): Árni Ársælsson, Axel Ó. Ólafsson þáverandi formaður Vöku, Páll Ásgeir Tryggvason og Tómas Tómasson. Standandi eru (talið frá vinstri): Geir Hallgrímsson, Jónas G. Rafnar, Guðmundur V. Jósefsson, Sveinn K. Sveinsson, Magnús Jónsson, Halldór Rafnar, Einar Pétursson, Eggert Jónsson, Skúli Guðmundsson, Þorvaldur Ágústsson, Björgvin Sigurðsson, Jónas Bjarnason, Ásgeir Magnússon, Barði Friðriksson og Guðlaugur Einarsson. Á myndina vantar nokkra ráðsliða.

flestir Vökumenn átt samleið með Sjálfstæðisflokknum, enda þótt aldrei hafi verið um formleg tengsl þar á milli að ræða. A.m.k. helmingur þeirra, sem kjörnir hafa verið formenn félagsins, hafa síðar verið áberandi í starfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og nokkrir orðið þingmenn og ráðherrar flokksins. Kjósundur Vöku hafa hins vegar verið miklu breiðari hópur, enda var félagið um nokkurt árabil eini valkostur og vettvangur þeirra stúdenta, sem ekki aðhylltust róttæka vinstri stefnu. Félagið hefur átt mjög góðu gengi að fagna á síðustu fjórum árum, enda þótt stofnað hafi verið nýtt stúdentafélag „miðjumanna“, og allar horfur eru á því að það muni standa styrkum fótum í framtíðinni. Ég hygg að helsta skýringin á velgengni Vöku sé sú, að félagið hefur yfirleitt tekið ábyrga og yfirvegaða afstöðu til hagsmunamála stúdenta og almennra þjóðmála. Þetta sést skýrt þessa dagana þegar málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru í brennidepli. Nýr meirihluti í Stúdentaráði neitar að horfast í augu við staðreyndir um þær ógöngur, sem núverandi námslána-stefna er rötud í. Borin von virðist að reyna að rökraða við þetta fólk, og hef ég þá í huga hrokafull tilsvör stúdentaföringja í fjölmiðlum að undanförmu. Vökumenn hafa hins vegar mótað skýra og málefnalega afstöðu til námslána og ég er sannfærður um að vinnubrögð af því tagi gagnast stúdentum á endanum betur en sú leið sem núverandi forysta Stúdentaráðs virðist ætla að fara.

Höfundur er blaðamaður á Morgunblaðinu. Hann var ritstjóri Stúdentablaðsins 1977–1978.

Lífinu gefið undir fótinn

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Líflínur

Birgir Svan Símónarson:

Ljóð.

Ólafur Lárússon:

Myndir.


Gefið út á kostnað höfunda,

Reykjavík 1985.

Í þessari bók, Líflínur, taka þeir höndum saman Birgir Svan Símónarson skáld og Ólafur Lárússon myndlistarmaður. Myndir Ólafs Lárússonar hafa orðið tilefni flestra ljóðanna. Góðar ljóðmyndastundir, segja þeir félagar svo.

Ög það eru reyndar góðar ljóðmyndastundir sem menn geta átt með þessari bók. Það er að vísu ekki í mínum verkahring að fjalla um myndlist, en mér falla myndir Ólafs Lárússonar vel í geð. Þær eru margar í lit, ljóðrænar hugdettur í frjálsglegu formi. Eftir þessum dæmum á það vel við Ólaf að myndskreyta ljóð, en eins og fyrr segir er það Birgir Svan sem skreytir myndir hans með ljóðum.

Birgir Svan Símónarson hefur áður sent frá sér fimm ljóðabækur og er í hópi þeirra skálda sem menn gera sér vonir um. Hann gengur



Birgir Svan Símónarson.

ekki „um gólf/ í flabeinsturninum“ eins og segir um skáldið í samnefndu ljóði í Líflínur. Birgir Svan stundar það fremur að yrkja ljóð úr lífsbaráttunni, fara út á meðal fólksins og taka þátt í starfi þess. Um þetta vitna bókatalitars eins og Hraðfryst ljóð, Nætursöltuð ljóð og Gjald dagar. Í Líflínur eru ljóðin flest stutt og afmörkuð um eina mynd, eina stemmningu. Stundum er að finna leik að orðum í þessum ljóðum, stundum tilraun til að draga



Ólafur Lárússon.

upp varanlegar myndir sem spegla vegferð mannsins í mótsagnakenndum heimi. Ein slík tilraun er Maður í gulu:

Við verðum harðari
með árunum
vindar og regn
nema burt
það fína og mjúka
úr ásjónum
dag einn vöknum við
með hnúllung í hjartastað

við berjum hausnum við steininn
heilabrotin varða slóð okkar
leggjum vígreif til atlögu
við vindmyllur
með flís úr auga
náungans að vopni

við verðum mildari
með árunum
vindar og regn
opna nýjar æðar
grafa upp næmari taugar
dag einn höldum við
slóðina til baka
í leit að glötuðum brotum
úr heildarmyndinni

Svo er líka glettni í ljóðum Birgis Svans, til dæmis í ljóðinu um köttinn á bls. 33. Og svona sjálfsmynd dregur skáldið upp í ljóðinu Ég:

óbrjótandi glas
máð af notkun
hef lifað
ótrúlegustu byltur

þegar ég brotna
fer ég
í þúsund mola

Það eru semsagt yfirleitt spurningar um tilvist mannsins sem leita á Birgi Svan Símónarson í Líflínur. Hann heldur fram hjá dauðanum og gefur lífinu undir fótinn, eins og stendur í ljóðinu Stundargaman. Frekar raunsælegur skáldskapur þegar á allt er litið og nýtur myndvísu og líka þess að skáldið vandar sig, leggur rækt við málið.